

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi verksmiðjusvæðisins á Gleráreyrum. Gleráreyrar 2.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 11. desember 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að núverandi bygging er fjarlægð og í staðinn er gert ráð fyrir 4 hæða byggingu, hámarkshæð húss er 17 m. Stærð lóðar er 3.010 m² og hámarksnýtingarhlutfall er 0,7. Fjöldi bílastæða er 60.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis 1. áfanga, niðurfelling á stíg ofan Mýrartúns.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. október 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að stígur ofan og vestur af Mýrartúni 2-12 er felldur niður og lóðarmörk framangreindra lóða færast til vesturs sem nemur breidd stígsins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 4. janúar 2008,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2008